

Danska 10.b. 2024 - 2025

Kennarar: Þórleif Guðjónsdóttir

10

Skólaárið

2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla er lögð á að vinna með færniþættina fimm, lestur, hlustun, framsögn, ritun og menningarläsi.

Unnið verður með þá þætti sem standa nemendum næst, þ.e. um þá sjálfa, nánasta umhverfi þeirra, skólann, fjölskylduna, áhugamál, uppáhaldsmatinn, gæludýr, íþróttir o.s.frv. Það verða hefðbundin vinnubókarverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarefni, samræðuverkefni og lesskilning. Ásamt því að vinna skipandi verkefni sem tengja við menningu og lífnaðarhætti í Danmörku. Nemendur skila verkefnum bæði munnlega og skriflega.

Nemendur munu einnig lesa og skrifa texta, horfa á þætti og kvikmyndir, hlusta á tónlist.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Til grundvallar eru valdir kaflar úr bókunum **Smil** og **Ekko**, les- og vinnubók. Ásamt lestrarbókunum **Bordbombe**, **Pinligt** og **Den nye lærer**. Jafnframt verður horft á þættina **Regnet**.

Unnið verður í 6-8 vikna lotum þar sem hver lota hefur ákveðið þema. Í hverri lotu verður unnið með orðaforða tengdan þemanu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Ásamt því að vinna valda kafla úr vinnubókunum og skila fjölbreyttum og skipandi verkefnum sem unnin verða bæði í hópum og sem einstaklingar.

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð að nemendum eftir þörfum, sumir gera fleiri æfingar á meðan aðrir gera færri. Eins þurfa sumir lengri tíma á meðan aðrir þurfa styttri tíma til að vinna verkefni. Nemendur fá einnig aðstoð eftir þörfum s.s. hljóðefni. Einstaklingsnámskrá er fyrir þá sem þurfa.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða ýmis verkefni, kynningar og próf, bæði munnleg og skrifleg lögð fyrir þar sem ákveðnir námsþættir eru metnir hverju sinni. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er einnig metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Stuðst verður við leiðsagnarmat og sjálfsmat.

Námsgögn

- Ekko, les- og vinnubók
- Bordbombe
- Pinligt
- Regnet
- Den nye lærer
- Efni frá kennara

- Efni af netinu
- Þættir/kvikmyndir, tónlist ofl.
- Smásögur

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

AS Danska 10. bekkur 2019 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirmælum og nýtt tímann vel
- axlað ábyrgð á náminu og gefa góðan vinnufrið
- átt í góðum samskiptum við aðra

AS Danska 10. bekkur 2019 - 2025 - Hlustun

- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim

AS Danska 10. bekkur 2019 - 2025 - Lesskilningur

- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu
- lesið sér til gagns og ánægju smásögur, léttar skáldsögur og rauntexa úr t.d. dagblöðum, tímaritum og netmiðlum

AS Danska 10. bekkur 2019 - 2025 - Orðaforði

- geti nýtt orðaforða tengdan námsefninu til verkefnavinnu

AS Danska 10. bekkur 2019 - 2025 - Frásögn

- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi

AS Danska 10. bekkur 2019 - 2025 - Ritun

- skrifað samfelldan texta um málefni sem hann þekkir og hefur unnið með, hlustað á eða lesið

AS Danska 10. bekkur 2019 - 2025 - Menningarläsi

- sýnt fram á að þekki til siða, hefða og menningar á viðkomandi málsvæði og borið saman við eigin menningu